

16. ágúst 2024

Ágæti nemandi!

Velkomin/ð/nn aftur til starfa í Menntaskólanum við Sund.

Nú líður senn að upphafi skólaársins. Skólastarfið hefst með móttöku nýnema 19.-20. ágúst en **kennsla hjá eldri nemendum hefst skv. stundatöflu mánudaginn 26. ágúst**. Áætlað er að stundatöflur haustannar verði birtar í Innu föstudaginn 23. ágúst. Í kjölfarið getur þú sótt um töflubreytingu í gegnum Innu til kl. 15:00 á fyrsta kennsludegi þann 26. ágúst (nánari upplýsingar um framkvæmd töflubreytinga verða sendar út þegar nær dregur).

Við minnum á heimasíðu skólans, www.msund.is. Þar eru ýmsar gagnlegar upplýsingar: [Skóladagatal](#), [skólareglur](#), [námsgagnalisti](#), [lýsing á einstökum áföngum](#) og upplýsingar um [uppbyggingu námsbrauta](#).

Menntaskólinn við Sund hefur einsett sér að vinna samkvæmt grunngildunum ábyrgð, virðingu, jafnrétti og heiðarleika. Því hvetjum við þig til að axla ábyrgð á námi þínu og sýna starfsfólki skólans og samnemendum þínum virðingu. Við vonumst til að þú leggir hönd á plóg til að efla jafnrétti í skólanum, hafir heiðarleika að leiðarljósi í samskiptum og sýnir sjálfstæði í vinnubrögðum. Að lokum minnum við á [siðareglur um notkun snjalltækja](#) í skólanum og [reglur um heiðarleika í námi](#) og biðjum þig um að virða þær.

Gangi þér vel í náminu í vetur!

Bestu kveðjur,
stjórnendur Menntaskólans við Sund

